

Borgarstjórn Reykjavíkur
18. febrúar 2025

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um að festa Reykjavíkflugvöll í sessi út skipulagstímabil Aðalskipulags Reykjavíkur 2040

Borgarstjórn samþykkir að vinna nauðsynlegar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 svo festa megi starfsemi Reykjavíkflugvallar í sessi, og tryggja flug- og rekstraröryggi í Vatnsmýri, út skipulagstímabilið. Með skipulagsbreytingunni verði tryggt að hæð mannvirkja og gróðurs í nágrenni flugvallarsvæðisins og á áhrifasvæði flugvallarins, þar með talið í Skerjafirði, verði háð þeim takmörkunum vegna flugtaks og lendingu sem settar eru í skipulagsreglum flugvalla, sbr. lög um loftferðir nr. 60/1998 (gr. 6.3.c. í skipulagsreglugerð). Samhliða skipulagsbreytingunni verði ráðist í uppfærslu þeirra forsendna sem liggja að baki vaxtarmörkum höfuðborgarsvæðisins, sem gera nú ráð fyrir uppbyggingu 7.500 íbúða á flugvallarsvæðinu á næstu 15 árum. Mikilvægt er að finna þeim íbúðafjölda nýjan stað í borginni, ekki síst í ljósi viðvarandi húsnæðisskorts hérlandis.